

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Auði Thorberg Jónasdóttur, Áslaugu I. Kristjánsdóttur, Ólafi Gesti Rafnssyni Jóhönnu Gísladóttur, Konráð Gylfasyni, Stefáni Magnússyni og Steindóri R. Haraldssyni.
Frsm. Stefán Magnússon.

1. gr.

Í stað „tilnefning“ í 6. gr. komi: móttaka framboða

2. gr.

2. másl. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal hafa verið gerð tveimur vikum áður en móttaka framboða hefst sbr. 2. másl. 1. mgr. 11. gr.

3. gr.

Í stað „tilnefning hefst, sbr. 3. mgr. 11. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. komi: móttaka framboða hefst sbr. 2. másl. 1. mgr. 11. gr.

Í stað „tilnefning“ í 3. másl. 1. mgr. 10. gr. komi: móttaka framboða.

Í stað „tilnefning“ í 2. másl. 4. mgr. 10. gr. komi: móttaka framboða.

4. gr.

11. gr. orðast svo:

Framboð til embættis biskups Íslands og embættis vígslubiskups.

Sá sem hyggst gefa kost á sér sem biskups- eða vígslubiskupsefni skal tilkynna það kjörstjórn. Tilkynningu þess efnis, ásamt meðmælum kosningabærra manna, sbr. 4. gr., 5. gr. og 6. gr., skal afhenda kjörstjórn á því formi sem hún ákveður a.m.k. fjórum vikum áður en kosning biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

Skrifleg meðmæli kosningabærra manna, sbr. 1. mgr., skulu ekki vera færri en 40 og ekki fleiri en 60. Meðmælandi getur einungis mælt með einum frambjóðanda.

Í auglýsingu um biskupskjör skal koma fram að frambjóðendur, sbr. 14. gr. geti fengið aðgang að kjörskrá.

5. gr.

12. gr. orðast svo:

Birting auglýsingar um móttöku framboða og upplýsinga um framkvæmd og undirbúning kosninga.

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar, með a.m.k. viku fyrirvara, hvenær móttaka tilkynninga um framboð hefst og hvenær henni lýkur.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þjóðkirkjunnar.

6. gr.

13. gr. orðast svo:

Yfirferð meðmæla.

Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að móttöku framboða lýkur telja meðmæli og ganga úr skugga um að meðmælendur uppfylli skilyrði.

7. gr.

14. gr. orðast svo:

Niðurstaða um gild framboð.

Frambjóðendur sem hafa tilskilinn fjölda gilda meðmæla eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups.

Kjörstjórn skal strax og niðurstaða um meðmæli er ljós, kanna hvort frambjóðendur, uppfylli skilyrði 1. gr. Telji kjörstjórn að svo sé ekki skal frambjóðanda þegar í stað gert viðvart og honum veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að athugasemdir berast taka afstöðu og tilkynna um þá niðurstöðu.

Vilji viðkomandi ekki una niðurstöðu skv. 2. mgr., getur hann skotið henni til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, innan sólarhrings frá því að honum var sannanlega tilkynnt um niðurstöðuna. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en tveimur sólarhringum síðar.

Á vefsvæði þjóðkirkjunnar skal svo fljótt sem verða má, eftir að niðurstaða um meðmæli er ljós, tilkynna um þá sem verða í kjöri.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Nú er í sjónmáli kjör samkvæmt starfsreglum um biskupskjör og flutningsmenn telja því rétt að endurskoða fyrirkomulag við framboð til embætta biskupa. Flutningsmenn vilja fyrst og fremst gera athugasemd við tilnefningaferli nógildandi reglna, þ.e. tilnefning til biskupskjörs. Nú eiga einvörðungu vígðir þjónar rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði skv. 1. gr. nógildandi starfsreglna um kosningu biskups Íslands og

vígslubiskupa, þ.e. guðfræðikandidatar sem fullnægja skilyrðum til þess að gegna prestsembætti.

Í reglum er ekki að finna ákvæði um hæfni þeirra sem tilnefndir eru til biskupsframboðs önnur en þau er að framan greinir. Það er því ekki á grundvelli faglegs mats sem tilnefning fer fram heldur einvörðungu persónulegt mat þeirra er tilnefna viðkomandi einstakling eða einstaklinga. Slíkt mat er því ekki af faglegum ástæðum hægt að einskorða við presta heldur gæti það í raun verið allir þeir sem kosningarétt hafa. Því þykir flutningsmönnum það fyrirkomulag sanngjarnara að þeir sem kjörgengir eru og áhuga hafa, gefi kost á sér en hafi að baki sínu framboði tiltekinn fjölda meðmælenda, að lágmarki 40 og að hámarki 60. Eðlilegt er að fjöldi meðmælenda sé nægur til að endurspegla ákveðið grunnfylgi við framboð viðkomandi. Fjöldinn verður jafnframt að vera það mikill að framboð verði ekki skyndihugmynd sem hægt sé að kasta fram án undirbúnings. Ekki sé heimilt að mæla með fleiri en einum frambjóðanda. Flutningsmönnum þykir rétt að hafa þak á fjölda stuðningsmanna.

Það tilnefningarferli sem nú gildir verður að teljast fremur ólýðræðislegt og ekki í takti við þau skref sem kirkjan vill stíga í lýðræðisátt. Það er einnig ljóst að hægt er að misnota þetta fyrirkomulag þannig að einstaklingar sem ekki njóta hylli í prestastétt eru útilokaðir frá kosningu þrátt fyrir hugsanlegt fylgi frá þeim sem kosningarétt hafa. Flutningsmönnum þykir ekki rétt að einungis skuli mega tilnefna þrjá til að kjósa um, ekki síst þegar ekki er um neina faglega síun að ræða. Á kirkjuþingi 2021-2022 kom fram breytingartillaga við upphaflega tillögu að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa þess efnis að fram færi hæfnismat þeirra sem tilnefningu hlytu. Sú tillaga hlaut ekki brautargengi. Það er því ekki hægt að halda fram að tilnefningaferlið byggist á hæfni þeirra sem tilnefndir eru heldur geta í sjálfu sér hvaða forsendur sem er legið til grundvallar tilnefningarinnar.

Það þarf að tryggja að kjörskrá liggi frammi tímanlega þannig að frambjóðendur geti fengið aðgang að kjörskránni með nöfnum, heimilisfangi, símanúmeri og tölvupóstfangi viðkomandi kjörmanna. Flutningsmenn telja að setja þurfi skýrari ákvæði um þetta í starfsreglurnar þannig að þetta fari ekki á milli mála.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að í stað tilnefninga orðist ákvæðið þannig að móttaka framboða komi þess í stað.

Um 2.gr

Lagt er til að móttaka framboða komi í stað tilnefninga en að tveggja vikna frestur ákvæðisins verði óbreyttur að öðru leyti. Tilvísun í 11. gr. breytist til samræmis við 4. gr. máls þessa, en þar er lagt til að endurskoðuð 11. gr. verði tekin upp í starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér sambærilegar breytingar og í 1. gr. og 2. gr. þ.e. að móttaka framboða kemur í stað tilnefninga.

Um 4. gr.

Lagt er til að sett verði ný 11. gr. í stað núverandi 11. gr. Eins og í framangreindum ákvæðum felst breytingin í því að fella brott tilnefningar en taka þess í stað upp meðmæli. Frumkvæðisskylda hvað varðar tilkynningu um framboð hvíli á þeim sem hyggst gefa kost á sér sem biskups- eða vígslubiskuþefni. Í núverandi starfsreglum hvílir frumkvæðisskylda á þeim sem tilnefna frambjóðanda eða frambjóðendur. Meðmæli verða sett fram á því formi sem kjörstjórn ákveður í stað þess að hafa það rafræna tilnefningakerfi sem nú er.

Lagt er til að sett verði viðmið um lágmarks- og hámarksfjölda meðmælenda með hverjum frambjóðanda. Er litið til þess að frambjóðandi verði að sýna fram á að hann hafi raunverulegan og sannfærandi stuðning tiltekins fjölda kosningabærra manna. Enn fremur þykir rétt að takmarka fjölda meðmæla þannig að hann verði ekki úr hófi. Flutningsmenn telja að hæfilegur lágmarksfjöldi meðmælenda sé 40 kosningabærir menn og að hámarki 60.

Lagt er til að það komi fram í auglýsingu að frambjóðendur geti fengið aðgang að kjörskrá. Mikilvægt er að hugtakið „frambjóðandi“ merkir í þessu sambandi eingöngu þá sem hlotið hafa endanlega staðfestingu á því, samkvæmt 14. gr. núgildandi starfsreglna, að þeir hafi kjörgengi. Mikilvægt er að frambjóðendur hafi aðgang að þeim upplýsingum um kjósendur sem kjörskrá hefur að geyma, til að þeir geti kynnt framboð sitt með fullnægjandi hætti. Rétt þykir að þeir sem eru á kjörskrá séu upplýstir um þetta fyrir fram í auglýsingu um biskupskjör.

Um 5. gr.

Lagt er til að sett verði ný 12. gr. í stað núverandi 12. gr. Eins og í framangreindum ákvæðum felst breytingin í því að fella brott tilnefningar en taka þess í stað upp meðmæli. Þá þykir nægilegt að áskilja að auglýsing um móttöku tilkynninga sé birt á vefsvæði þjóðkirkjunnar en ekki er talin þörf á að birta slíka auglýsingu í öðrum fréttamiðlum eins og áskilið er í starfsreglunum í dag um tilnefningu. Sama á við um birtingu upplýsinga um undirbúning og framkvæmd kosninga. Ekki þykir þörf á að mæla fyrir um það í starfsreglum að upplýsingar sem birtar verða á vef þjóðkirkjunnar skuli einnig vera aðgengilegar á rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og hjá próföstum.

Um 6. gr.

Ákvæðið er sambærilegt núgildandi 13. gr. að öðru leyti en því að talning meðmælenda og yfirferð á því að þeir uppfylli skilyrði kemur í stað athugunar á tilnefningum.

Um 7. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti sambærilegt nógildandi 14. gr. að öðru leyti en því að meðmæli koma í stað tilnefninga. Þá er fallið frá því að takmarka hámarksfjölda frambjóðenda. Allir þeir sem uppfylla skilyrði til kjörs eru í framboði en ekki þrír að hámarki eins og nú er.

Um 8. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi við birtingu.